

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	21/10 2016
Málsnr:	1604045
Dæfali:	105



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði 20. október 2016

Efni: Styrkumsókn til bæjarráðs vegna viðgerða á freskum í Víðistaðakirkju.

Sóknarnefnd Víðistaðakirkju færir bæjarráði Hafnarfjarðar bestu þakkir fyrir heimsókn og góðan fund í kirkjunni þann 6. september sl. Í ljósi umræðu og niðurstöðu fundarins, sækir sóknarnefnd Víðistaðakirkju hér með um styrk til bæjarráðs Hafnarfjarðar vegna viðgerða á freskum í Víðistaðakirkju að fjárhæð kr. 2.500.000 (tvær milljónir og fimmhundraðþúsund).

Freskur Víðistaðakirkju eru einstakt listaverk frá hendi listmálarans Baltasar Samper og teljast ótvírætt meðal helstu menningarverðmæta Hafnarfjarðar. Freskurnar, sem málaðar voru fyrir tæpum 30 árum, hafa orðið fyrir skemmdum, bæði vegna umgangs og rakaskemmda í kjölfar þakleka í kirkjunni.

Víðistaðakirkja mun sjálf leitast við að kosta viðgerðir sem nauðsynlegar eru innan og utan kirkjunnar vegna þaklekans, en vonast eftir stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ vegna freskuvíðgerðarinnar.

Virðingarfyllt, f.h.sóknarnefndar Víðistaðakirkju,

Hjörleifur Þórarinnsson
Formaður